

**11. gr.**

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellshrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hitaveitunefnd og sveitarstjórn Mosfellshrepps staðfestist hér með skv. Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 98 24. mars 1975.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1977.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

10. febrúar 1977.

Nr. 109.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóv. 1973.**

**1. gr.**

5. gr. staflíður j orðist svo:

Þegar lyf er afgreitt í fyrsta skipti eftir lyfseðli, skal auðkenna hann stimpli lyfjabúðarinnar. Dagsetningar afgreiðslu skal geta á lyfseðlinum.

Verð lyfs skal ávallt rita á lyfseðil. Hæfilegt verð umbúða, samkvæmt gildandi reglum lyfjaverðskrár, skal vera innifalið í verði lyfsins.

**2. gr.**

6. gr. reglugerðarinnar, 2. tölulíður orðist svo:

Eigi má ávísast einstaklingi í einu þeim ávana- og fíknilyfjum, er nú verða talin, eða söltum þeirra, í meira magni eða stærri einstökum skömmtum en hér greinir:

- I. Diazepamum. Óheimilt er að ávísast hylkjum, skömmtum eða töflum í stærri einstökum skömmtum en 5 mg, og ekki í meira magni en sem svarar 0.5 g af hinu virka efni.
- II. Nitrazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 0.25 g.
- III. Medazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 0.5 g.
- IV. Chlordiazepoxidum og Oxazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 1.0 g.
- V. Flurazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 1.5 g.
- VI. Aethallymalum, Allypropymalum, Diallymalum, Hexemalum, Heptarualum, Meballymalum, Mebumalum og Pentymalum. Hámarks magn á lyfseðli 3.0 g.
- VII. Apronalum, Diemalum, Enhexymalum, Glutethimidum, Methaqualonum og Secumalum. Hámarks magn á lyfseðli 5.0 g.
- VIII. Meprobamatum. Hámarks magn á lyfseðli 20 g.
- IX. Carisoprodolum, Methocarbamolum og Phenprobamatum. Hámarks magn á lyfseðli 25 g.

## 3. gr.

8. gr. 15. töluliður m-liðs orðist svo:

Própanól, ísóprópanól og jóðáburð skal auðkenna rauðum merkimiða og auk þess tveimur aðvörunarmiðum: Varúð — Hættulegt með ljósu letri á dökkum grunni, og Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til, með rauðum bókstöfum á ljósum grunni.

## 4. gr.

8. gr. 20. töluliður m-liðs orðist svo:

Lyf þau, sem seld eru í lausasölu með undanþágu samkv. viðauka I, töflur, sem selja má í lausasölu og eru annað hvort sykurhúðaðar eða litaðar og járnlyf, til inntöku, skulu öll auðkennd aðvörunarmiða með rauðu letri á ljósum grunni:

Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til.

## 5. gr.

Við 10. gr. staflið a bætast eftirtalin lyf í upptalningu:

Kalii jodidum.

Natrii jodidum.

## 6. gr.

Í viðauka I falla niður undanþágur varðandi lausasölu jóðs og Tinctura opii benzocia.

## 7. gr.

Ákvæði í viðauka I um lausasölu fenasóns og noskapíns orðist svo:

Lyf eða samsetningar	Samsetningar er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Phenazonum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 1 g	Dosipulveres phenazoni 1 g DD63 Tablettæ coffeini phenazoni DD63
Noscapinum	Saftir, ekki yfir 1 mg/ml að styrkleika	Áletrun: Hósta-saft. 1 matskeið mest 3 sinnum á sólarhring handa fullorðnum. Gefið börnum aðeins eftir læknisráði.	Syrupus noscapini.

## 8. gr.

Viðauki 2 við reglugerðina fellur niður.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 15. mars 1977, nema hvað varðar ákvæði 2. gr., er taka gildi 1. maí 1977.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*